



Eskfirak fjölskylda í spáseltúr. Eiríkur Ólafsson með dóttur sinni, Láru, og dótturdóttur. Tíkin Kissý fékk að fylgja með.



Dvottur úti á snúru — Hólmátindur í bakaefn.



Aðalsteinn Jónsson útgærðarmaður með sonarsyni sínum og alnafa.



Garðurinn hennar Arnheiðar Hall-dórsadóttur nyrat í bænum vekur athygli ferðalanga, enda er hann með afbrigðum skrautlegum. Arnheiður eyðir í það miklum tíma á sumrin að ganga á fjölli í nágrenninu og leita sjældgæfra steina, sem hún síðan raðar snyrtilega í garðinum sínum. Svo hefur hún gert það sér og dótturdóttur sinni, Óglu Heiði Haukadóttur, til skemmtunar, að setja niður líkön af gömlum torfbækjum hér og þar í slakkanum.

# Börn eru besta myndefnið

Vilberg Guðnason ljósmyndari tekinn tali

Það er sagt að ljósmyndarar séu lélegar fyrirsetur, og lítið gefnir fyrir að láta taka af sér myndir. Við urðum því ekkert sérlega hissa þegar Vilberg Guðnason ljósmyndari tók erindi okkar um myndatöku og spjall með nokkrum semingi, þegar við bönkuðum upp á hjá honum á stofunni snemma morguns.

„Ég veit ekki hvort ég hef nokkurn tíma í svona lagad,“ sagði hann kurteislega. Það var ekki nokkur hræða inni hjá honum, svo við tókum þessu eins og hverjum öðrum fyrirslætti og knúðum frekar á. Sem betur fer, því þegar til kastana kom var Vilberg hinn víðræðubesti og virtist hafa nægan tíma. Og það sem meira er, hann reyndist vera afbrigðs fyrirseta.

Vilberg er Eskfirðingur í húð og hár, þar hefur hann búið allt sitt líf og haft ljósmyndun að aðalstarfi sínu. 40 ár. Það eru tíu ár síðan hann fór síðast til Reykjavíkur og hann seg-


ist ekki vera á leiðinni þangað í bráð, enda telur hann höfuðborgararbúa ekki vera í nógu góðum tengslum við rökrétta hugsun:

„Mér sýnist að fólk á höfuðborgarsvæðinu sé orðið nokkuð spillt. Það hugsar of mikið um peninga, og svo er kappið og spanið svo mikið að menn missa af upplögðum sémum þegar þeir gefast. Og þegar ég heyrði um þetta eiturlyfjafargan fór ég að hafa megnustu fyrirliðningu á þessu landsvæði.“

— Ertu svartsýnn að eðlisfari?  
„Já, yfirleitt er ég svartsýnn. Ég óttast til dæmis að lýðveldið endist ekki út öldina, við erum að tapa sjálfstæðinu með erlendri skuldafórnun.“

En við ætludum að ræða við Vilberg um ljósmyndun, en ekki þjóðmálin. — Hvernig bar það til Vilberg að þú gerðist ljósmyndari?

„Það var hrein tilviljun reyndar. Sveinn Guðnason, ljósmyndari staðarins frá 1924, kom að máli við mig 1940, minnr mig, en þá var ég



„Þessi mynd hefur farið víða og birst í erlendum blöðum,“ segir Vilberg um þessa skemmtilegu ljósmynd sína af loðnuskipinu Jóni Kjartanessyni, sem hann tók fyrir mörgum árum.

ekki annað en óráðinn unglundur, 16–17 ára, og hann biður mig að hjálpa mér á stofunni. Ég veit ekki almennilega af hverju hann valdi mig, en ég held að hann hafi frett að ég væri nokkuð sleipur í teikningu, og talið að ég hlyti þá að hafa gott auga. Sveinn kenndi mér töluvert samhlíða vinnunni og nokkrum árum síðar tók ég próf í Iðnskólanum í Reykjavík. Sveinn flutti seinna suður á land og seldi mér þá allt draslið og ég gerðist sjálfstæður ljósmyndari.“

— Var alltaf nóg að gera á þess-

um árum?

„Já, það var meira en nóg að gera, og hefur alltaf verið. Á meðan Sveinn var hér búsettur var annar ljósmyndari á Seyðisfirði, en lengst af á mínum ferli hef ég verið eini atvinnuljósmyndarinn á Austfjörðum og hef því þjónað fleirum en Eskfirðingum.“

— Þú hlýtur að hafa tekið margar dramatískar fréttamyndir á svo löngum ferli?

„Auðvitað tók maður slíkar myndir. En mér hefur alltaf þótt leiðinlegt að þurfa taka myndir af

slysum. Ég hef gert það stundum tilneyddur, en mér finnst það afskaplega erfitt.“

— Hvert er þitt uppáhalds myndefni?

„Börn. Það er alveg öruggt mál. Enda hef ég gaman af börnum, þau eru hrein og bein og það er ekki til í þeim sviksemi. Það líkar mér vel því ég er saklaus maður. En það þarf alveg sérstakar aðferðir til að mynda börn, maður verður að gefa sér góðan tíma, leika við þau og fá þau til að gleyma sér og hlæja. Það er það skemmtilegasta sem ég geri.“

Eftirlætisvél Vilbergs eru Linhof og Zeiss Ikon. „Ég nota helst ekki annað en Linhof núorðið,“ segir hann. „Mönnum finnst þær kannski gamaldags, en þessar vélar eru sérlega vandaðar og linsan ótrúlega góð.“

Það má til sanns vegar færa að Vilberg sé af gamla skólanum, ekki aðeins hvað val á myndavélum snertir, heldur líka í öllum vinnubrögðum sínum. Það er ekkert skolvatn sem hann notar við framkollun. Hann blandar sinn lög sjálfur og hefur til þess öll nauðsynleg efni í „apótekinu“ sínu. Og hann hefur handmálað ófáar myndirnar um ævina, og það svo vel að varla sést nokkur munur á þeim myndum hans og hreinum litmyndum.

## Spólurnar valdar í rakarastólnum hjá Trausta Reykdal hárskera og myndbandakóngi

Það er ekki víða í heiminum sem hægt er að láta skera hár sitt og velja myndbandsspólur á sama tíma. En það geta menn á Eskfirði hjá Trausta Reykdal hárskera og myndbandakóngi. Hagræðingin af slíku er kannski ekki sérlega mikil, og þó, þegar sjómenn koma heim eftir langt úthald geta þeir slegið tvær flugur í einu höggi, valið spólu og látið Trausta klippa toppinn svo þeir sjái almennilega á skjáinn.

Annars segja gárungarnir að Trausti klippi aldrei nema aðra hlíðina vegna anna í leigunni. Ekki vildi Trausti viðurkenna það, en sagði þó að umsvif leigunnar færðust sífellt í vöxt og hann gæti varla annað hvoru tveggja lengur, að halda hárinu á Eskfirðingum í skefjum og sjá þeim fyrir afþreyingu á kvöldin. Enda væri hann að ráða til sín aðstodastúlku. Og húsnæði leigunnar er hann að hugsa um að stækka í sumar.

„Það eru rúm fjögur ár síðan ég fór af stað með leiguna, fystur manna á Austurlandi,“ segir Trausti. „Ég byrjaði smátt, en umsvifin hafa aukist gífurlega eftir því sem myndbandstækjum hefur fjölgað á staðnum.“

— Er myndbandstæki í hverju húsi núna?  
„Ég vil nú ekki ségja það, en þau eru ansi víða. Ég gæti trúað því að það væru um það bil 100 tæki á Eskfirði.“

— Þú ert með 800 titla, er það nóg til að þjóna þessum 100 heimilum?  
„Það er önnur leiga á staðnum einnig og í sameiningu held ég að við önnur eftirspurninni. Ég reyni




Trausti Reykdal að störfum.

líka að hafa mikla hreyfingu á þeim titlum sem hér eru á boðstólum, skipti til dæmis mikið við leiguna á Norðfirði og svo er ég einn af eigendum Videóbjarnarins í Reykjavík og fæ þaðan spólu.

— Það er þá ekki mikil samkeppni á milli leiganna?

„Nei, ég held frekar að við séum í samkeppni við bókabúðina.“

— Hvað klippirðu marga á dag?  
„Svona tíu til tólf manns.“



Vilberg Guðnason ljósmyndari í vinnuherbergi sínu. Vilberg er af gamla skólanum, blandar sinn framkollunarsvöku sjálfur og hefur til þess allt sem þarf, eins og sést á myndinni. Vilberg malar mikið ofan í svart-hvítar ljósmyndir og þarna heldur hann á einni slíku.